

Minnisblað

02.06.2016

Tílefni

Garðabær – Íþróttasvæðið í Ásgarði - Mat tilboða

Endurnýjun knattspyrnugrass
- Minni æfingavöllur
- Tveir sparkvöllir

Verknúmer

16191

Fundarritari

VÁÁ/vaa@vso.is

Yfirlit

Föstudaginn 29. maí voru opnuð útboð í endurnýjun knattspyrnugrass á minni æfingavöll Stjörnnunnar í Ásgarði og tvo sparkvelli við Flatarskóla. Verkið felst í rífi og förgun núverandi yfirborðs vallanna, gerð púða fjaðurlags (púða) undir vellina og lagningu og fullnaðarfrágangi á knattspyrnugrasi með innfyllingu. Heildarverktími er áætlaður 2. ágúst til 16. september og á æfingavöllurinn að ljúka eigi síðar en 31. ágúst.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðu útboðsins eftir yfirferð tilboða.

Tilboð í nýtt knattspyrnugras á minni æfingavöll og tvo sparkvelli

Alls bárust 5 tilboð í endurnýjun knattspyrnugrass ásamt einu frávíkstilboði frá tveimur aðilum. Verkið felst í rífi og förgun á núverandi knattspyrnugrasi af minni æfingavelli (51x62m²) og tveimur sparkvöllum (5x18x33m²) og úttegun og fullnaðarfrágangi knattspyrnugrass með nýju fjaðurlagi á sömu velli. Í útboðsgögnum var óskað eftir gráu iðnaðargúmmí sem innfyllingu í knattspyrnuvellina þrjá.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir einstakar tilboðsupphæðir og gerð þess efnis sem boðið var.

			Rif og förgun		Samtals
			Knattspyrnugras	Núverandi yfirborð	
ACTGlobal	Xtreme Turf DX40 17/10 EL-prefab 10mm - 6kg gúmmi/15kg kvartsand/m ² innfylling	Grátt iðnaðargúmmí	20.954.600	2.500.000	23.454.600
Polytan	LigaTurfRS+ 240 16/10 EL 25mm - 9/15kg/m ² innfylling	Grátt EPDM R	25.290.132	6.696.012	31.986.144
Polytan	LigaTurfRS+ 240 22/10 EL 25mm - 9/15kg/m ² innfylling	Grátt EPDM R	27.239.687	6.696.012	33.935.699
FieldTurf	360 14/10 EL 25mm - 6/20kg/m ² infill	Grátt EPDM R	26.333.199	6.696.012	33.029.211
FieldTurf	360 17/10 EL 25mm - 6/20kg/m ² infill	Grátt EPDM R	28.503.535	6.696.012	35.199.547
FieldTurf/Polytan	Multicurl 3/8 eða Ligagrass - sparkvöllir með curl grasi	Eingöngu sandur	*8.562.900		*8.562.900

* Hér er eingöngu um að ræða frávíkstilboð í efni og niðurlögn sparkvallanna tveggja. Heildartilboð mv. þetta sjá næsta yfirlit.

Mat tilboða

Fyrsta tilboðið er frá danska fyrirtækinu Laidarz sem skilaði inn einu tilboði með sama efni í vellina þrjá. Þeir bjóða knattspyrnugras frá bandaríska fyrirtækinu ACTGlobal. Efni frá þessum framleiðanda hefur ekki verið notað á völlum hér á landi áður. Uppbygging þeirra knattspyrnugrass er hefðbundin nema fjaðurlagið sem þeir bjóða. Laidarz býður 10mm verksmiðjuframleidda mottu sem fjaðurlag undir vellina þrjá. Slík motta hefur ekki verið notuð undir knattspyrnugrasvelli í Garðabæ áður. Laidarz var áður umboðsaðili þýska fyrirtækisins Polytan og var þeirra milliliður í fullnaðarfrágangi knattspyrnugrass á Álftanesi. Þeirra samstarfi er lokið.

Metatron skilaði inn fjórum tilboðum auk eins frávikstilboðs þar sem bjóðandi býður knattspyrnugras á sparkvellingu sem er eingöngu með sandi.

Í tilboðum 1-4 býður Metatron knattspyrnugras með hefðbundinni uppbyggingu, 25mm staðsteyptum púða (fjaðurlagi) með 40mm háum grasstráum. Í tveimur fyrri tilboðunum er grasmottan frá þýska framleiðandanum Polytan. Munur tilboðanna liggur í mismunandi þéttleika grasstráa í mottu – í fyrra tilboðinu er þéttleikinn 16 spor á hverja 10cm en í tilboði nr. 2 er þéttleikinn orðinn meiri eða 22 strá á hverja 10cm. Í tilboðum 3 og 4 býður Metatron grasmottu frá bandaríska framleiðandanum FieldTurf. Fjaðurlagið er það sama og í fyrstu tveimur tilboðunum en grasþráður og samsetning innfyllingar önnur. Þéttleiki grasmottu fyrra tilboðsins er 14 strá á hverja 10cm og seinna tilboðs 17 strá á hverja 10cm. Gúmmíð er það sama í tilboðunum fjórum – grátt EPDM iðnaðargúmmí.

Lægsta tilboðið sem er frá Laidarz er með 10mm verksmiðjuframleiddu fjaðurlagi (mottu). Verkkaupi, Garðabær, hefur ekki áhuga á verksmiðjuframleiddu fjaðurlagi undir knattspyrnugras, hefðbundin púðaþykkt á núverandi völlum bæjarfélagsins er 20-25mm eða um helmingi þykkari auk þess sem tryggt er að hægt er að nota slíkt fjaðurlag amk. einu sinni á ný við endurnýjun knattspyrnugrass í framtíðinni. Ekki er reynsla af endurnýtingu verksmiðjuframleiddu fjaðurlagi hér á landi. Tilboð bjóðanda í rif og förgun núverandi efnis er ekki trúverðugt og er heildarupphæð þessa verkþáttar töluvert lægra en uppgesinn förgunarkostnaður eingöngu pr. kg hjá Sorpu. Tilboðsgögn voru vanbúin þám. var tilboðsblað ekki útfyllt.

Tilboð Metatron 1-4 uppfylla allar kröfur útboðsgagna. Polytan og FieldTurf eru báðir viðurkenndir framleiðendur knattspyrnugrass og er meirihluti valla á Íslandi með knattspyrnugrasi frá þessum tveimur framleiðendum. Meginmunur tilboðanna fjögurra er mismunandi þéttleiki grasstráa í grasmottu auk mismunandi grasstráa frá framleiðendunum tveimur. Til upplýsingar má nefna að grasþráðurinn sem Polytan býður er sá sami og lagður var á völlinn á Álftanesi síðast liðið haust. Grasþráðurinn frá FieldTurf er sá sami og lagður hefur verið á keppnisvöll Valsmanna að Hlíðarenda og verið er að leggja á íþróttavöll Gróttu á Seltjarnarnesi. Á báðum þessum völlum var þéttara grasið valið (17/10cm) enda um keppnisvelli að ræða.

Auk tilboða 1-4 býður Metatron frávikstilboð í knattspyrnugras á sparkvelli. Þetta gras leggst á 20mm fjaðurlag sömu gerðar og í tilboðunum fjórum en er með aðra gerð grasstráa og innfyllingu sem er eingöngu sandur í stað sands og gúmmís sem er hefðbundið. Bjóðandi gerir ekki greinarmun á efni frá Polytan eða FieldTurf. Má gera ráð fyrir að þetta efni sé slitsterkara gras en það gras sem boðið er í tilboðum 1-4. Þetta efni

hefur ekki verið notað áður á sparkvöllum í Garðabæ og því ekki fyrirbyggjandi hver munurinn er á að spila á því og núverandi sparkvöllum ekki síst í ljósi þess að ekkert gúmmí er innfyllingu þess. Í meðfylgjandi töflu er heildarkostnaður tilboðanna fjögurra sýndur með frávikstilboði.

	Tilboð 1	Tilboð 2	Tilboð 3	Tilboð 4
Tilboð 1-4	31.986.144	33.935.699	33.029.211	35.199.547
Sparkvöllir tilboð 1-4				
- Efni tilboð 1-4	-8.775.000	-9.573.852	-8.733.144	-9.577.114
- Niðurlögn tilboð 1-4	-675.000	-675.000	-675.000	-675.000
Sparkvöllir frávik				
- Efni frávik	7.887.900	7.887.900	7.887.900	7.887.900
- Niðurlögn frávik	675.000	675.000	675.000	675.000
Heildark. með frávik	31.099.044	32.249.747	32.183.967	33.510.333

Vegna enngar reynslu í Garðabæ af notkun þess efnis sem boðið er í frávikstilboði og samanburði þess og núverandi efnis á sparkvöllum auk óverulegs verðmunar telur undirritaður að réttast sé að velja efni og efnisupphæfingu sem komin er reynsla á í bæjarfélaginu.

Í ljósi þess að efni framleiðandanna tveggja eru sambærileg og uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í útboðsgögnum leggur undirritaður til að tilboði með Polytan knattspyrnugrasi, verði tekið þar sem þau eru ódýrari að þessu sinni en tilboðin með efni frá FieldTurf. Valið stendur á milli mismunandi þéttleika knattspyrnugrassins sem myndar þann verðmun sem er á tilboðunum tveimur. Í ljósi þess að annars vegar er um æfingavöll að ræða og hins vegar tvo sparkvelli en ekki keppnisvelli leggur undirritaður til að tilboði nr. 1 frá Metatron verði tekið – knattspyrnugras frá Polytan með þéttleika 16 strá á hverja 10cm, heildartilboðsupphæð 31.986.144kr.

Garðabær mun gera kröfu um að bjóðandi skili yfirliti yfir nákvæmt efnisinnihald gráa EPDM iðnaðargúmmísins sem boðið er svo tryggt sé að það uppfylli fyrirbyggjandi kröfur sem gerðar eru um efnisinnihald þess.

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson

Dreifing: Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar